

GREIN

Guðrún Árnadóttir, PhD,
umsjón með þróunar- og rannsóknarvinnu
iðjubjálfa á Landspítala. Klínískur dósent
við læknadeild Háskóla Íslands

Sigrún Garðarsdóttir, MSc,
yfiriðjubjálfi Landspítala.



Guðrún Árnadóttir



Sigrún Garðarsdóttir

MÁLÞING FAGRÁÐS IÐJUBJÁLFA LANDSPÍTALA TIL FRAMPRÓUNAR KLÍNÍSKRAR IÐJUBJÁLFUNAR

Eitt af meginmarkmiðum Fagráðs iðjubjálfunar á Landspítala (LSH) er að auka gæði þjónustu iðjubjálfa spítalans og stuðla að þróun og framförum í starfi þeirra. Til þess hafa fagráðsmeðlimir reynt með ýmsum hætti að hvetja iðjubjálfa spítalans til að auka við þekkingu sína og nýta rannsóknir, kenningar og nýfengna þekkingu jafnóðum í klínísku starfi og einnig til að miðla af nýfenginni þekkingu og reynslu til annarra iðjubjálfa, nemenda og samstarfsfólks. Auk þess að bjóða iðjubjálfum spítalans upp á sérskipulögð eftirsótt námskeið þeim að kostnaðarlausu hafa m.a. verið skipulagðar vinnusmiðjur og verkefni á öllum starfsstöðvum þeirra innan spítalans, sem síðan hafa verið kynnt fyrir iðjubjálfum annarra starfsstöðva, bæði á málþingum og vísindadögum sem fagráðið hefur skipulagt. Tilgangur þessarar verkefnavinnu er bæði að leiðbeina varðandi þekkingarleit og þekkingaruppbyggingu sem og að þjálfa upp gagnleg vinnubrögð til þekkingaröflunar og frampróunar. Því hefur markvisst verið reynt að aðstoða iðjubjálfa, hvetja þá til að auka við færni sína í þekkingarleit og síðan að koma fengnum upplýsingum á framfæri og deila þannig afrakstri erfiðisins við þekkingarleitina með því að skiptast á skoðunum.

Sem háskólasjúkrahús hefur Landspítalinn m.a. það hlutverk að þjóna sem nokkurs konar uppeldisstöð bæði nemenda og nýrra starfsmanna úr öllum fagstéttum. Ekki ólíkt því sem gerist í hvers konar upp-

eldi koma stundum fram mótbáru, það er mikið að gera á spítalanum og því ekki allir til í auka álag sem gjarnan fylgir nýjum verkefnum. Hins vegar fer verkefnavinna á vegum Fagráðsins fram í litlum hópum og dreifir það álaginu. Þegar kemur að uppskeruhátíð eins og málþingi virðast allir vera mjög sáttir, bæði við eigin afrakstur og viðbótarupplýsingar sem fást með kynningu á öðrum verkefnum ásamt líflegum umræðum sem gjarnan skapast um öll mál-efnin. Einnig hafa þátttakendur tjáð okkur að erfiðið hafi skilað raunverulegum árangri. Sá árangur hefur ekki eingöngu falist í breytingu á þjónustu og vinnulagi. Sem dæmi um árangurinn má t.d. nefna að heimildaleit um gagnreyndar íhlutunar- aðferðir skilaði upplýsingum sem síðar var óvænt hægt að nýta í rökstuðningi með umsóknum til Sjúkratrygginga um ákveðin tæki eða tól sem ekki höfðu verið auðfengin áður.

Árið 2013 var haldinn vísindadagur á vegum fagráðs iðjubjálfunar LSH þar sem efnisval fyrirlestra var frjálst. Málþing þau sem haldin voru 2014, 2016, 2018 og 2019 ein- kenndust hins vegar öll af fyrirfram ákveðnum þemum. Markmiðið með bæði vísindadögum og málþingum var að vekja athygli á rannsóknar- og þróunarstarfsemi þeirri sem fram fer á starfsstöðvum iðjubjálfa LSH, einnig að skiptast á upplýsingum og ekki síst að hvetja til verkefna sem gætu leitt til frampróunar þeirrar þjónustu sem iðjubjálfar spítalans veita. Þar sem mál-

þingin hafa vakið athygli og iðjubjálfar utan LSH hafa lýst áhuga á þeim verkefnum sem hafa verið unnin af iðjubjálfum LSH og kynnt á málþingunum var ákveðið að birta hér yfirlit um sum þeirra verkefna sem hafa verið unnin og ágrip þeirra erinda sem tengjast sérstökum þemum málþinga sem haldin voru 2014-2019. Um er að ræða þrjú þemu, þ.e. þjónustuyfirlit, gagnreynda þjónustu iðjubjálfa og forkannanir á flokkun íhlutunartíma.

Eins og fram hefur komið voru málþing þessi hugsuð bæði sem hvatning til að leita upplýsinga og sem lærdómsferli. Kynningarfyrirlestrar og kynningarefni tengt þeim þemum sem til stóð að fjalla um voru gerð aðgengileg fyrir iðjubjálfa allra starfsstöðva spítalans. Ágrip frá öllum starfsstöðvunum voru send til fagráðsmeðlima og í framhaldinu voru gerðar efnislegar athugasemdir sem höfundar gátu nýtt til að bæta ágrípin, væntanlega fyrirlestra og efnis- meðferð. Sum þessara verkefna hafa jafn- vel endað í tímaritsgreinum í *Iðjubjálfanum*. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að fylgjast með uppskerunni og mörg frábær erindi um þjónustuyfirlit, gagnreynda þjónustu og rannsóknir á flokkun íhlutunar hafa verið flutt. Okkar aðferð í Fagráðinu til að deila einhverjum af þessum upplýsingum með iðjubjálfum sem vinna utan LSH er að birta þemaágríp úr ráðstefnuritum til- heyrandi málþinga. Í framhaldinu geta áhugasamir iðjubjálfar utan spítalans haft samband við höfunda efnisins í þeim til-

gangi að nálgast frekari upplýsingar, eða hugsanlega til að nálgast fyrirlestra um efnið.

ÞEMA I: ÞJÓNUSTUYFIRLIT

Kveikjan að uppbyggingu og notkun þjónustuyfirlitstaflna fyrir starfsemi mismunandi starfsstöðva iðjubjálfa LSH byggði á hugmyndum og útfærslu fyrsta höfundar þessarar greinar á slíkri töflu frá 2011. Á vísindadegi Fagráðsins 2013 var flutt erindi um þjónustuyfirlit sem grundvöll gæðaeftirlits og kveikju að hugmyndaþróun á starfsstöðvum iðjubjálfa. Erindið tók m.a. mið af fyrstu vinnusmiðjunni um þjónustuyfirlit sem haldin var á Grensási árið 2012, en þar höfðu upplýsingar verið fylltar inn í yfirlitstöfluna út frá þeirri þjónustu sem iðjubjálfar á stofnuninni veittu. Í kjölfarið voru haldnar fimm vinnusmiðjur um efnið fyrir mismunandi hópa iðjubjálfa spítalans. Síðan var hafist handa við að útbúa samþæringar þjónustuyfirlit fyrir allar starfsstöðvar iðjubjálfa. Töflurnar voru tengdar mismunandi þjónustuferlum í samræmi við áherslur og starfshætti hinna mismunandi starfsstöðva. Þjónustuyfirlit og -líkön voru síðan kynnt með flutningi níu erinda á málþingi Fagráðs iðjubjálfunar LSH árið 2014 og eins erindis á starfsdegi þess 2016. Auk þeirra voru síðar flutt tvö erindi tengd sama efni á seinna málþingi Fagráðsins árið 2018

og eru ágríp allra erindanna birt hér á eftir (sjá box 1)*. Árið eftir fyrsta málþingi Fagráðsins var birt grein um þjónustuyfirlit sem grundvöll gæðapróunar í iðjubjálfanum (Guðrún Árnadóttir og Sigrún Garðarsdóttir, 2015). Þar birtist einnig grein um vinnusmiðjurnar og umfjöllun um þjónustuferli og yfirlitstöflur (Guðrún Árnadóttir, 2015). Auk þessarar greina birtust í sama blaði tvær greinar til viðbótar um þjónustuyfirlit á starfsstöðvum LSH á bráðadeildum Fossvogi/Hringbraut og á Landakoti (Aldís Ösp Guðrúnardóttir og Guðríður Erna Guðmundsdóttir, 2015; Elín María Heiðberg, Jóhanna Elíasdóttir og Eyrún Björk Pétursdóttir, 2015). Árið 2016 bættist enn við grein í iðjubjálfanum um frekari útfærslu þjónustuyfirlitstöflunnar sem notuð er á Grensási (Sigprúður Loftsdóttir, 2016). Eitt veggspjald tengt því efni var kynnt á heimsráðstefnu iðjubjálfa árið 2018 (Sigprúður Loftsdóttir og Guðrún Árnadóttir, 2018), en þingið var haldið í Suður-Afríku.

ÞEMA II: GAGNREYND ÍHLUTUN

Á starfsdegi iðjubjálfa LSH vorið 2016 var fluttur fyrirlesturinn „Litið fram á veginn“, sem fjallaði m.a. um gagnreynda þjónustu. Í fyrirlestrinum var lögð áhersla á samspil þriggja þátta gagnreyndrar þjónustu, þ.e. klínískrar reynslu og rökleiðslu, viðhorfi þjónustuþega og niðurstöður bestu fáan-

legra rannsókna sem kanna má með gagnreyndu yfirliti vísindarita. Með það í huga að nauðsynlegt sé að samþætta klíníska þjónustu og vísindaniðurstöður notaði Fagráð iðjubjálfunar LSH fjarnámsform í stað þess að halda vinnusmiðjur. Vinnusmiðjur voru haldnar fyrir málþingið 2013 eins og fram hefur komið og einnig árið 2012 þegar haldnar voru tíu vinnusmiðjur með kynningar fyrirlestrum um úttektir á eðli og eiginleikum matstækja iðjubjálfa á LSH (Guðrún Árnadóttir, 2016). Fjarnámsgögnin voru byggð á efni fyrirlestursins og sett á net-svæði Fagráðsins. Markmið verkefnavinnunnar í þetta skipti var að hvetja iðjubjálfa til að hefjast handa við að kanna hversu gagnreyndar útvaldar íhlutunaraðferðir iðjubjálfa sjúkrahússins teljast. Á málþingi Fagráðsins 2016 voru niðurstöður verkefnanna um gagnreynda þjónustu iðjubjálfa kynntar með flutningi tíu erinda. Þrjár greinar tengdar undirbúningsgögnunum og dæmum um framkvæmd slíkra athugana birtust síðan í iðjubjálfanum 2017 (Elísabet Unnsteinsdóttir og Guðríður Erna Guðmundsdóttir, 2017; Guðrún Árnadóttir, 2017a, 2017b). Þar sem af nógu er að taka um kannanir á hversu gagnreyndar íhlutunaraðferðir þær sem iðjubjálfar LSH nota samkvæmt þjónustuyfirlitstöflunum eru, var haldið áfram með sama þema á málþinginu 2018. Þar voru flutt átta erindi til



Þátttakendur á Málþingi Fagráðs iðjubjálfunar LSH 2018 fylgjast vel með erindi um þjónustuyfirlit.



Áhugasamir iðjubjálfar hlýða á erindi um gagnreynda íhlutunaraðferð á málþingi 2019. Veggspjald frá LSH sem kynnt var á heimsráðstefnu iðjubjálfa í S-Afríku sjást í bakgrunni.



Borðað og blaðað í ráðstefnuriti.



Þátttakendur á Málþinginu 2014 taka sér hlé frá fyrirlestrum og skiptast á skoðunum.

viðbótar, um hversu gagnreyndar mismunandi tegundir íhlutunar sem notaðar eru á LSH eru, samkvæmt heimildum. Á þessu málþingi var reyndar lagt upp með tvö þemu og snerist seinna þemað um þjónustuyfirlitstöflur eins og þegar hefur komið fram. Á málþingi Fagráðsins 2019 voru einnig tvö þemu í boði og tengdist annað þeirra áframhaldandi könnunum á gagnreyndri þjónustu. Því bættust við fjögur erindi um íhlutunaraðferðir og tvö um matsækni. Nú hafa því samanlagt verið flutt 24 erindi tengd gagnreyndri þjónustu iðjuþjálfála á málþingum Fagráðsins og fylgja ágrip þeirra hér á eftir, félagsmönnum til glöggvunar (sjá box 2)*.

ÞEMA III: RANNSÓKNIR Á FLOKKUN ÍHLUTUNARATHAFNA OG TENGSL ÞEIRRA VIÐ IÐJUSJÓNARMÍÐ

Á starfsdeginum vorið 2016 var einnig fjallað um hvernig beita mætti rannsóknum til að kanna hvernig flokka mætti íhlutunaraðhafnir iðjuþjálfála í fyrirlastrinum „Litið fram á veginn“. Til að auðvelda iðjuþjálfum að safna slíkum upplýsingum voru aftur útbúin skráningarform og sérstakar leiðbeiningar og þau gerð aðgengileg á netinu. Í framhaldinu var skrifuð grein í *Iðjuþjálfann* 2016 um uppbyggingu og niðurstöður einnar slíkrar rannsóknar sem framkvæmd var á Grensási (Guðrún Árnadóttir og Lillý H.

Sverrisdóttir, 2016). Nú hafa þrjár slíkar rannsóknir verið framkvæmdar á Grensási og sýna þær fram á að meirihluta íhlutunartíma iðjuþjálfála er varið í íhlutunaraðferðir sem byggja á iðju og miða að aukinni framkvæmdafærni. Eitt veggspjald tengt þessu þema var kynnt á heimsráðstefnu iðjuþjálfála 2018 í Suður-Afríku (Guðrún Árnadóttir, 2018) og á Vísindum á vordögum á Landspítala (Guðrún Árnadóttir, 2019). Málþing Fagráðs iðjuþjálfunar LSH 2019 snerist því einnig um tvö þemu. Annars vegar var haldið áfram með kannanir á hversu gagnreynd þjónusta iðjuþjálfála er eins og fram hefur komið og hins vegar var möguleiki á að athuga hversu iðjumiðaðar þær íhlutunaraðferðir eru, sem notaðar eru í iðjuþjálfun á starfsstöðvum iðjuþjálfála spítalans. Á næsta málþingi árið 2020 er m.a. fyrirhugað að kanna hvaða áhrif hin gagnreyndu yfirlit sem unnin hafa verið á undanförunum árum hafa haft á starfsemi iðjuþjálfála LSH.

Allt ofangreint efni hefur verið notað við kennslu nemenda í starfsþjálfun á spítalanum og þjálfun nýs starfsfólks á mismunandi starfsstöðvum iðjuþjálfunar. Hluti þessa efnis hefur einnig verið notað við kennslu í iðjuþjálfunarfræðum við Háskólann á Akureyri og til að útskýra eðli þjónustunnar fyrir starfsmönnum annarra starfsstétta eða utanaðkomandi fólki og gefist vel.

HEIMILDIR

- Aldís Ösp Guðrúnardóttir og Guðríður Erna Guðmundsdóttir. (2015). Iðjuþjálfun á bráðadeildum Landspítala. *Iðjuþjálfinn*, 36(1), 34.
- Elín María Heiðberg, Jóhanna Elíasdóttir og Eyrún Björk Pétursdóttir. (2015). Iðjuþjálfun á Landakoti: Gerð þjónustuyfirlits sem liður í bættari þjónustu. *Iðjuþjálfinn*, 36(1), 35 - 36.
- Elísabet Unnsteinsdóttir og Guðríður Erna Guðmundsdóttir. (2017). Umbótastarf iðjuþjálfála á bráðadeildum LSH. *Iðjuþjálfinn*, 38(1), 38 - 41.
- Guðrún Árnadóttir. (2015). Vinnusmiðjur iðjuþjálfála LSH: Umfjöllun um þjónustuferli og yfirlitstöflur. *Iðjuþjálfinn*, 36(1), 37 - 41.
- Guðrún Árnadóttir. (2016). Iðjuþjálfun Landspítala: Eðli og eiginleikar matstækja í notkun. *Iðjuþjálfinn*, 37(1), 14 - 22.
- Guðrún Árnadóttir. (2017a). Gagnsemi iðjuþjálfunar: Undirbúningsgögn fyrir úttektir iðjuþjálfála LSH. *Iðjuþjálfinn*, 38(1), 20 - 26.
- Guðrún Árnadóttir. (2017b). Gagnsemi ADL þjálfunar fyrir heilablóðfallssjúklinga. *Iðjuþjálfinn*, 38(1), 28 - 36.
- Guðrún Árnadóttir. (2018). Uniqueness of our intervention: A “simple” service review [birt í Ráðstefnuriti heimsráðstefnu iðjuþjálfála – World Federation of Occupational Therapy Congress].
- Guðrún Árnadóttir. (2019). Sérstaða íhlutunar iðjuþjálfála: Einfalt þjónustuyfirlit. *Læknablaðið, Fylgirit 102* [Vísindi á vordögum, þing Landspítala, nr. 19].
- Guðrún Árnadóttir og Lillý H. Sverrisdóttir. (2016). Þjónustuyfirlit og klínísk vinna iðjuþjálfála. *Iðjuþjálfinn*, 37(1), 23 - 30.
- Guðrún Árnadóttir og Sigrún Garðarsdóttir. (2015). Þjónustuyfirlit sem grundvöllur gæðapróunar innan iðjuþjálfunar. *Iðjuþjálfinn*, 36(1), 26 - 32.
- Sigrúður Loftsdóttir. (2016). Notkun þjónustuyfirlits við iðjuþjálfun einstaklinga með mænuskaða. *Iðjuþjálfinn*, 37(1), 33 - 37.
- Sigrúður Loftsdóttir og Guðrún Árnadóttir. (2018). Application of a service matrix for spinal cord injured patients [birt í Ráðstefnuriti heimsráðstefnu iðjuþjálfála – World Federation of Occupational Therapy Congress].

*ágripin eru einungis birt í vefútgáfu *Iðjuþjálfans*, <http://www.ii.is/idjuthjalfun/idjuthjalfinn/>



Lillý Halldóra og Sigrúður sitja fyrir svörum um gagnsemi handverks í iðjuþjálfun.

Það er von okkar að meðfylgjandi ágrip varpi ljósi á efni þeirrar vinnu sem lagt hefur verið í á LSH á undanförunum árum með sameiginlegu átaki og geti nýst öðrum félagsmönnum iðjuþjálfafélagsins við þekkingaröflun.



Thelma og Helga Magnea á Laugarásnum kynna eiginleika Personal and Social Performance Scale, sem notaður er til að meta sálfélagsega færni einstaklinga í geðendurhæfingu.



Fagráðs meðlimir í lok málþings 2018. Laufey, Guðrún, Elísabet, Helga Magnea, og Sigrún. Á myndina vantar Jóhönnu og Sólveigu Dögg.